

## 62. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 21.10.2015

*Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir, Orri Páll og Ólafía Jakobsdóttir og Þorbjörg Ása*

Fundur settur kl.18:00 í Kirkjubæjarstofu.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Uppskeruhátíðin 2015

Dagskrá uppskeruhátíðarinn rædd og lokahönd lögð á dagskránnu. Á hátíðinni verður lögð áhersla á Klaustur og 25 ára afmæli Skaftárhrepps. Söfnunarmálefni ákveðið en að þessu sinni verður það heimilisfræðistofan í Kirkjubæjarskóla.

Barnabíóið - sækja um leyfi til að sýna Jón Oddur og Jón Bjarna í félagsheimilinu. Orri tekur að sér að fylgja málinu eftir. Þuríður er búin að redda poppvél og ætlar að athuga með hráefnið. Þuríður tekur að sér að athuga hvort rukka þurfi inn á fullorðinsbíóið en myndin Hrútar verður sýnd í félagsheimilinu.

Mönnun á uppboði. Ingólfur tekur að sér að vera gjaldkeri og Sólveig aðstoðar hann. Orri Páll verður sýningarherra og aðstoðar Þorstein uppboðshaldara.

Útidyráhrurðakeppni skráning fyrir miðvikudaginn 28.október og dómnefnd dæmir vinningshafa 30.október. Kídda er formaður dómnefndar.

Tobba ætlar að hafa samband við gestgjafa Pálínuboðsins. Ákveðið var að hækka verðið í 2000 kr. en börn á grunnskólaaldri fá frítt inn.

Ekki meira rædd að sinni.

Fundi slitið kl.20:00